

AUGLÝSING

um gjaldskyldu á bílastæðum í miðborg Reykjavíkur.

Borgarráð ákvað eftirfarandi á fundi sínum þann 3. júní 2010, með tilvísun til 20. gr. samþykktar um Bílastæðasjóð Reykjavíkur frá 1. mars 1988, sbr. 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987:

Almenn bílastæði við götukanta á Grettisgötu, Njálsgötu og Bergþórugötu á milli Frakkastígs og Barónsstígs ásamt efri hluta Frakkastígs, verði gjaldskyld. Settir verði upp miðamælar á svæðinu þar sem Njálsgata, Grettisgata og Frakkastígur verða skilgreind sem gjaldsvæði II með tímagjaldinu 80 krónur á klukkustund og Bergþórugata verður skilgreind sem gjaldsvæði III með tímagjaldinu 80 kr. á klukkustund fyrstu 2 klukkustundirnar og 20 krónur á klukkustund eftir það.

Almenn bílastæði við götukanta við Smiðjustíg, Sölvhólgötu og Lindargötu, milli Ingólfsstrætis og Klapparstígs neðan Hverfisgötu, verði gjaldskyld. Settir verði upp miðamælar á svæðinu þar sem Smiðjustígur og Lindargata verða skilgreind sem gjaldsvæði II með tímagjaldinu 80 kr. á klukkustund. Sölvhólgata verður skilgreind sem gjaldsvæði III með tímagjaldinu 80 kr. á klukkustund fyrstu 2 klukkustundirnar og 20 krónur á klukkustund eftir það.

Almennum bílastæðum við götukanta við Skálholtsstíg verði breytt úr gjaldsvæði II í gjaldsvæði III með tímagjaldið 80 kr. á klukkustund fyrstu 2 klukkustundirnar og 20 kr. á klukkustund eftir það.

Almennum bílastæðum við götukanta við Þingholtsstræti milli Amtmannsstígs og Spítalastígs ásamt Bókhöfundustíg milli Miðstrætis og Þingholtsstrætis verði breytt í gjaldsvæði II með tímagjaldið 80 kr. á klukkustund.

Almennum bílastæðum við götukanta við Skuggasund og efri hluta Skúlagötu verði breytt úr gjaldsvæði II í gjaldsvæði III með tímagjaldið 80 kr. á klukkustund fyrstu 2 klukkustundirnar og 20 kr. á klukkustund eftir það.

Ákvörðunin tekur þegar gildi.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 7. júní 2010.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.